

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 310/2024

2025/EES/25/59

frá 6. desember 2024

um að setja almennar kröfur um sannanir á uppruna gefnar út á rafrænu formi samkvæmt 4. mgr. 17. gr. í viðauka A við bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 98. gr.,*að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 9. gr. EES-samningsins er vísað til bókunar 4 við hann („bókun 4“) þar sem mælt er fyrir um upprunareglur.
- 2) Heimsfaraldur COVID-19 hefur aukið þörfina á pappírslausu tollumhverfi á sviði upprunareglna og mikill meirihluti samningsaðila að svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda ⁽²⁾ („samningurinn“ annars vegar og „samningsaðilarnir“ hins vegar) hafa ákveðið að taka við rafrænum afritum af flutningsskírteinum.
- 3) Meðan beðið er eftir gildistöku breytingarinnar á svæðisbundna samningnum, þar sem kveðið er á um nýjar nútímalegar og sveigjanlegri upprunareglur („breytingin á svæðisbundna samningnum“) sem voru samþykktar af sameiginlegu nefndinni og komið á fót með svæðisbundna samningnum í krafti ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 1/2023 ⁽³⁾, hafa nokkrir samningsaðilar samþykkt að innleiða valkvæðar upprunareglur byggðar á breytingum á svæðisbundna samningnum („gildandi samningsaðilar“) til bráðabirgða, tvíhliða („umbreytingarreglurnar“). Frá 1. september 2021 hafa nokkrar tvíhliða bókarnir um upprunareglur meðal gildandi samningsaðila öðlast gildi og þar með gilda umbreytingarreglurnar. Að því er varðar Evrópska efnahagssvæðið („EES“) kom ný bókun 4 í stað bókunar 4 við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2022 ⁽⁴⁾. Umbreytingarreglurnar koma fram í viðbæti A við þá nýju bókun 4.
- 4) Gildandi samningsaðilarnir hafa þróað rafræn kerfi eða aðlagð núverandi kerfi til að koma á jafnvægi milli þarfarinnar á stafvæðingu og krafanna um eyðublaðið fyrir flutningsskírteinið sem lýst er í umbreytingarreglunum.
- 5) Með hliðsjón af þróun rafrænna tollkerfa viðurkenna gildandi samningsaðilar EES-samningsins að nútímavæða beri útgáfu, framvísun og sannpröfun sannana á uppruna í formi flutningsskírteina.
- 6) Samningsaðilar EES-samningsins staðfesta skuldbindingu sína um að halda áfram þeim góðu starfsvenjum sem innleiddar voru samkvæmt þeim sérstöku ráðstöfunum sem gerðar voru í COVID-19 heimsfaraldrinum, viðurkenna mikilvægi þess að innleiða rafræn tól og staðfesta skuldbindingu sína um að vinna áfram saman að sameiginlegu kerfi sem byggir á rafrænum sönnunum á uppruna og rafrænni samvinnu á sviði stjórnsýslu innan Evrópu- og Miðjarðarhafslandasvæðisins („PEM-svæðið“) ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 54, 26.2.2013, bls. 4.

⁽³⁾ Ákvörðun sameiginlegrar nefndar svæðisbundna samningsins um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda nr. 1/2023 frá 7. desember 2023 um breytingu á svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda (Stjtið. ESB L, 2024/390, 19.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/390/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur (Stjtið. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 133).

⁽⁵⁾ Evrópusambandið, Ísland, Svissneska ríkjasambandið (þ.m.t. Liechtenstein), Konungsríkið Noregur, Færeyjar, Ísraelsríki, Hasémiska konungsríkið Jórdanía, Palestína (ekki skal líta á þessa merkingu sem viðurkenningu á Palestínuríki og hefur ekki áhrif á afstöðu einstakra aðildarríkja varðandi þetta mál), Lýðveldið Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Kósovó (þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisfirlýsingu Kósovó), Lýðveldið Norður-Makedónía, Lýðveldið Serbía, Montenegro (Svartfjallaland), Georgía, Lýðveldið Moldóva og Úkraína.

- 7) Samningsaðilar EES-samningsins telja að skipta yfir í rafrænar sannanir á uppruna og stafræna samvinnu á sviði stjórnsýslu innan ramma umbreytingarreglnanna teljist vera fyrstu skrefin í átt að fullri stafvæðingu sannana á uppruna á mælikvarða Evrópu- og Miðjarðarhafslandasvæðisins (PEM-svæðið), einkum í ljósi væntanlegrar gildistöku breytingarinnar á svæðisbundna samningnum.
- 8) Í ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 ⁽⁶⁾ er mælt fyrir um reglur um beitingu bókanar 4 við EES-samninginn að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein.
- 9) Samningsaðilar EES-samningsins hafa samþykkt að innleiða 4. mgr. 17. gr. viðauka A við bókun 4 við EES-samninginn að því er varðar sannanir á uppruna sem gefnar eru út á rafrænu formi þannig að upprunavörur njóti góðs af þessum ákvæðum.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Í samræmi við 4. mgr. 17. gr. viðauka A við bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samninginn“) eru samningsaðilar EES-samningsins sammála um að sannanirnar á uppruna, sem um getur í a-lið 1. mgr. 17. gr. þess viðauka, megi gefa út á rafrænu formi.

2. gr.

1. Dagurinn sem samningsaðili að EES-samningnum byrjar að gefa út rafræn flutningsskírteini skal tilgreindur í tilkynningum sem birtar eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (C-deild) og í samræmi við eigin málsmeðferðarreglur þess aðila.
2. Frá þeim degi sem tilgreindur er í tilkynningum sem um getur í 1. mgr. skulu samningsaðilar EES-samningsins samþykkja flutningsskírteini sem gefin eru út með rafrænum hætti þegar þau eru lögð fram við innflutning, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) flutningsskírteinin sem gefin eru út með rafrænum hætti eru á svipuðu formi og sýnishornið sem sett er fram í IV. viðauka við viðauka A við bókun 4 við EES-samninginn,
 - b) töllyfírvöld útflutningssamningsaðila að EES-samningnum kveða á um öruggt nettengt kerfi til að sannreyna áreiðanleika flutningsskírteina sem gefin eru út með rafrænum hætti, og
 - c) flutningsskírteinin sem gefin eru út með rafrænum hætti bera einkvæmt raðnúmer og, ef þeir eru fyrir hendi, öryggisþætti sem hægt er að nota til að auðkenna þau.

3. gr.

Samningsaðili að EES-samningnum getur ákveðið að stöðva tímabundið samþykki flutningsskírteina sem gefin eru út með rafrænum hætti ef einhver þeirra skilyrða sem talin eru upp í 2. mgr. 2. gr. eru ekki uppfyllt og skal þá tilkynna öðrum samningsaðilum að EES-samningnum um það fyrirfram. Upphafsdagur tímabundnu stöðvunarinnar skal tilgreindur í tilkynningu sem birt er í samræmi við eigin málsmeðferð þess aðila.

4. gr.

Að því er varðar samvinnu á sviði stjórnsýslu samkvæmt 34. og 35. gr. viðauka A við bókun 4 við EES-samninginn geta samningsaðilar að EES-samningnum ákveðið að veita gagnkvæma aðstoð með rafrænum hætti.

5. gr.

Dagurinn sem samningsaðili að EES-samningnum beitir þessari ákvörðun skal birtur í tilkynningu í samræmi við eigin málsmeðferð þess aðila.

⁽⁶⁾ Ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 frá 10. mars um gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein (Stjtíð. EB L 86, 20.4.1995, bls. 58 og EES-viðbætur nr. 14, 20.4.1995, bls. 1).

6. gr.

Ákvæði 1.-5. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi samningsins milli samningsaðila EES-samningsins um að nota stafrænt umhverfi Evrópu og Miðjarðarhafslönda fyrir sannanir á uppruna, sem var þróað með öðrum gildandi samningsaðilum að svæðisbundna samningnum og sem heimilar rafræna útgáfu og/eða framlagningu sannana á uppruna.

7. gr.

Þar sem umbreytingarreglurnar um uppruna falla úr gildi á gildistökudegi breytingarinnar á svæðisbundna samningnum, skulu ákvæði 1.-6. gr. þessarar ákvörðunar gilda áfram milli samningsaðila EES-samningsins innan ramma svæðisbundna samningsins þar til ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar, sem komið var á fót með svæðisbundna samningnum og sem kveður á um almennar kröfur um sannanir á uppruna sem gefnar eru út og/eða lagðar fram rafrænt, öðlast gildi.

8. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þegar allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

9. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.